

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Innréttingar INR106C Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Halldór Torfi Torfason og Kristján Davíðsson	Sk.st.	HTT KRD
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu og yfirborðsmeðferð, pússningu, lökkun og vélvinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Farið verður yfir samsetningar á plötuefni, smíðafestingar, smíðatengi og uppsetningar á innréttingum.

Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli, stærðir og lögun framleiðsluvörunnar.

Farið verður í viðarfræði og framleiðslu á viðarspóni.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki efni sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða
- þekki verkfæri og tæki sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði
- þekki og geti valið sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
- geti á grundvelli upplýsinga um einstakar vélar reiknað vinnsluhraða m.m.
- kunni að velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga og spónskurðar
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og véla
- kunni skil á helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum
- geti valið viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
- geti valið límáburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
- hafi þekkingu á mismunandi lími og límhörðunarkerfum fyrir spónlagningu
- þekki mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum
- þekki helstu aðferðir til að þurrka lakk og málningu á verkstæðum
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
- geti smíðað innréttingar og innihurðir og sett upp
- geti smíðað innréttingar og skápa ásamt sökklum úr plötuefni og límtré
- þekki helstu gerðir skáphurða og geti smíðað þær úr mismunandi efnum
- geti smíðað og sett upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa
- þekki mismunandi gerðir innihurða og geti smíðað spjaldahurðir
- geti skorið, klippt og límt saman spón með algengustu mynstrum
- geti kantlímt og spónlagt plötuefni með þvingum og í spónlagningarpressu
- geti slípað og yfirborðsmeðhöndlað spónlagða hluti í höndum og vélum
- geti staðsett og tekið úr fyrir lómum og skráum með tækjum og vélum
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Innréttingar INR106C Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Kennslugögn:

Heftið um **Innréttingar**, lönú 2005.

Ljósrit frá kennara um viðarfræði.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin og lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér punkta sem koma frá kennara. Farið verður í vinnustaðaheimsóknir og vettvangsferðir.

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur og tengist verklegi hlutinn því námsefni áfangans INK 102. Unnið verður við innagngerð sumarhúss VMA og smíðaðar innréttingar og stigi ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	
2 – 7	Einangrun og rakavarnarlag	
3 – 10	Innveggir	
4 – 18	Inniklæðningar	
2 – 18	Innréttingar (eldhús og bað)	
2 – 18	Stigi	

Námsmat:

Áfanganum lýkur með skriflegu prófi.

Skriflega prófið gildir 20% (Ná verður prófinu svo starfseinkunn gildi).

Starfseinkunn 80%. Símat verður í gangi alla önnina þar sem framfarir, viðvera (líkamleg og andleg) og ástundun verða metnar.

Þrjú skrifleg verkefni verða á önninni sem gilda 15% af starfseinkunn.

Með von um gott samstarf á önninni.

HTT & KRD

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils